

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi. Neðan Aðalgötu, Suðureyri.

Breytingin felur í sér að miðhluti gildandi skipulags er felldur úr skipulagi, en ysti og innsti hluti þess standa eftir óbreyttir. Breytingin er gerð í tengslum við gerð nýs deiliskipulags sem nær yfir reitinn. Auk þess er óveruleg breyting sem gerð var á deiliskipulaginu varðandi vogarhús á hafnarsvæðinu og birt var í B-deild Stjórnartíðinda þann 28. maí 2014 felld inn í deiliskipulagið.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 24. nóvember 2016.

Axel Rodriguez Överby skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2016